

Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að viðmið lánveitinga verði hækkað úr 85% af brunabótamati í 100%, sbr. 30. gr. reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, nr. 522/2004, til að auka samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs miðað við aðrar lánastofnanir?
2. Hverjar eru áætlanir ráðherra um hækkun á lánshlutfalli og hámarksfjárhæð íbúðabréfa og liggur fyrir mat Seðlabanka á áhrifum breytinganna á lána- og fasteignamarkaðinn?
3. Er ráðherra reiðubúinn að auka með reglugerðarbreytingu sveigjanleika varðandi veðröð annarra lána á undan ÍLS-veðbréfum, ef heildarveðsetning ÍLS-veðbréfa og óhagstæðra lána einstaklinga á 1. og 2. veðrétti fer ekki yfir tilskilin veðmörk um matsverð eigna, sbr. 30. gr. reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, nr. 522/2004?